

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Skriðufell, L166597, fjölgun lóða og breyttar stærðir.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Selhöfða úr landi Skriðufells, L166597, í Þjórsárdal. Í breytingunni felst að lóð undir smáhýsi er skipt í 2 lóðir, Selhöfða 4 og 6. Byggingarreitur B helst óbreyttur sem og byggingarheimildir. Lóð kringum tjaldsvæði er einnig skipt í tvennt, Selhöfða 3 og 5, og stærð breytist lítillaga vegna aðlögunar að Selhöfða 1. Samþykkt í sveitarstjórn 22. janúar 2025.

*Deiliskipulagsbreyting, Brautarholt, Malarbraut 4, L234683, og Malarbraut 6, L234684, sameining byggingarreita.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Malarbrautar 4, L234683, og Malarbrautar 6, L234684, í Brautarholti. Í breytingunni felst að heimilt verður að sameina lóðirnar í eina lóð. Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 14. mars 2025.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2025